



Áherslur

Sambands íslenskra sveitarfélaga

í úrgangsmálum

Sjálfbær meðhöndlun úrgangs

- Löggjöf og skipulag úrgangsmála á hverjum tíma stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs, en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum.
- Sveitarfélögum verði ávallt tryggð aðkoma að undirbúningi lagasetningar, þ.á.m. innleiðingu nýrrar rammatilskipunar ESB um úrgang.
- Sveitarfélög hagi fjárfestingum á sviði úrgangsmála þannig að fjármunir nýtist sem best.
- Gjaldtaka fyrir meðhöndlun úrgangs endurspegli raunkostnað.
- Sambærilegar reglur um upplýsingagjöf og almennar starfsleyfiskröfur gildi hjá öllum sem meðhöndla úrgang.



Grenndargámar.

Aukin samvinna og samskipti

- Samvinna sveitarfélaga á sviði úrgangsmála verði eflað.
- Sveitarfélög leggja áherslu á góð samskipti við ríki og atvinnulíf við framkvæmd úrgangsmála.
- Samskipti sveitarfélaga við stofnanir og samtök sveitarfélaga á sviði úrgangsmála í Evrópu verði aukin.
- Samskipti sveitarfélaga við vísindasamfélagið um úrgangsmál verði eflað.

Aðgerðaráætlun

Löggjöf og skipulag úrgangsmála á hverjum tíma stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs, en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum.

Sjálfbær meðhöndlun úrgangs

Sjálfbær meðhöndlun úrgangs er eitt af stefnumiðum Staðardagskrár 21 sem mörg sveitarfélög eru að tileinka sér um þessar mundir. Úrgangur á ekki lengur að vera vandamál heldur tækifæri, hann er hráefni til vinnslu, umhverfinu og samfélaginu til hagsbóta.

Vegna þeirrar mikilvægu almannabjónustu sem sveitarfélög veita á sviði úrgangsmála er nauðsynlegt að tekið verði tillit til sjónarmiða sveitarfélaga við setningu löggjafar um úrgangsmál. Þótt samkeppni sé eðlileg á ýmsum sviðum úrgangsmála þarf löggjöf einnig að miða að því að sveitarfélög hafi stjórn á skipulagi úrgangsmála. Við ákvarðanir um nýjar fjárfestingar á borð við gas-, jarðgerðar- og brennslustöðvar þurfa að liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um magn úrgangs sem vænta má að berist til meðhöndlunar.

Aðgerðir:

- Lífsferilshugsun er að verða einn af hornsteinum sjálfbærrar meðhöndlunar úrgangs. Hún hefur í för með sér að hugað er að efnisflæði frá upphafi til enda, frá hráefnavinnslu til meðhöndlunar efnisins sem úrgangs. Stefnt er að því að meta áhrif mismunandi aðferða í meðhöndlun úrgangs m.t.t. fyrirfram ákveðinna þátta, svo sem losunar eiturefna, landnýtingar, o.fl. Safnað verður fræðsluefni um útfærslu lífsferilshugsunar sem verður aðgengilegt á heimasíðu sambandsins og fylgst með þróun hennar hér á landi og erlendis.
- Sveitarfélög veiti íbúum upplýsingar um hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum til að draga úr myndun úrgangs. Fræðsluefni fyrir íbúa og starfsfólk sveitarfélaga verði aðgengilegt á heimasíðu sambandsins þar sem m.a. verði útskýrð flokkun úrgangs og kynntar leiðir svo draga megi úr myndun hans.
- Sveitarfélög leggi aukna áherslu á að nýta betur heimildir sínar skv. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs til að stuðla að framþróun í meðhöndlun hans.



Sveitarfélögum verði ávallt tryggð aðkoma að undirbúningi lagasetningar, þ.á.m. innleiðingu nýrrar rammatilskipunar ESB um úrgang.

Aðgerðir:

- Í umsögnum sambandsins um ný lagafrumvörp og reglugerðadrög verði því haldið á lofti að ábyrgð allra úrgangshafa sé skýr og að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við ákveðið fyrirkomulag.
- Ný rammatilskipun um úrgang hefur verið samþykkt hjá Evrópusambandinu og verður væntanlega tekin inn í EES-samninginn. Fara þarf vandlega yfir nýju rammatilskipunina og móta afstöðu til hennar með hagsmuni sveitarfélaga að leiðarljósi. Verkefnisstjóri/verkefnisstjórn mun vinna að því að sveitarfélög hafi með umsögnum sínum áhrif á gerð nýrrar löggjafar um meðhöndlun úrgangs þegar kemur að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenska löggjöf.
- Í nýrri rammatilskipun ESB er það sett í hendur aðildarríkja að útfæra nánar framleiðendaábyrgð á úrgangi, til dæmis með stofnun skilakerfa eins og nú hefur verið innleitt hér á landi fyrir raf- og rafeinda-tækjaúrgang. Aðrar leiðir eru þó ekki útilokaðar. Sveitarfélög þurfa að taka virkan þátt í umræðu um framtíð Úrvinnslusjóðs og koma að mótun nýrrar stefnu ef til stendur að breyta núverandi kerfi úrvinnslugjalds.

Sveitarfélög hagi fjárfestingum á sviði úrgangsmála þannig að fjármunir nýtist sem best

Aðgerðir:

- Sveitarfélögin og samtök þeirra þurfa að halda því á lofti að meðhöndlun úrgangs er almannþjónusta og að sveitarfélögum er samkvæmt lögum falið að skipuleggja fyrirkomulag úrgangsmála. Í því felst m.a. að leita hagkvæmustu lausna fyrir meðhöndlun úrgangs miðað við aðstæður á hverjum stað.
- Ef sveitarfélög sem eru að vinna að svæðisáætlun, ein eða í samstarfi við önnur sveitarfélög skortir fullnægjandi magntölur um úrgang mun verkefnisstjóri aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna, eftir því sem unnt er.
- Tekið verður saman yfirlit yfir alla brennslu- og urðunarstaði og ástand þeirra kortlagt m.a. með tilliti til áætlaðs endingartíma þeirra. Rætt verður við sveitarfélög um framtíðarmarkmið, svo sem möguleika þess að öll sveitarfélög/sorpsamlög hafi aðgang að förgunarstað sem hefur starfsleyfi til næstu fimm ára eða lengur.

Gjaldtaka fyrir meðhöndlun úrgangs endurspegli raunkostnað.

Aðgerðir:

- Fara þarf yfir kostnað sveitarfélaga við meðhöndlun úrgangs og líta á hlutfallslega niðurgreiðslu á þjónustu úr sameiginlegum sjóðum sveitarfélagsins. Almennt verði miðað við að gjaldtaka fyrir meðhöndlun úrgangs mæti að fullu eða því sem næst kostnaði.

Aðgerðaráætlun

Aukin samvinna og samskipti

Ríkisvaldið ber ábyrgð á lagaramma og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og leggur þar með stóru línurnar með kröfum um endurvinnslu.

Sveitarfélög bera ábyrgð á því að meðhöndlun úrgangs fari fram skv. settum reglum sem m.a. koma fram í svæðisáætlunum. Sveitarfélög geta svo til viðbótar haft áhrif á útfærslu reglna með eigin samþykktum. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur þátt í samstarfi á vettvangi Samtaka evrópskra sveitarfélaga og Municipal Waste Europe. Einnig á sambandið fulltrúa í umhverfisteymi umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar og í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Atvinnulífið leggur ásamt sveitarfélögum til lausnir við meðhöndlun úrgangs þar sem það er umhverfis- og efnahagslega hagkvæmt. Grundvöllur skilvirkrar meðhöndlunar úrgangs er gott samstarf ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs svo ekki komi til þess að settar verði óþarflega íþyngjandi reglur. Mikilvægt er að forræði sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs sé viðurkennt og að gagnkvæmt traust ríki milli sveitarfélaga og atvinnulífs um þá meðhöndlun úrgangs sem þessir aðilar hafa samið um.

Meðhöndlun úrgangs kallar á margvíslegar athuganir og rannsóknir. Ráðgjafafyrirtæki og verkfræðistofur hafa sinnt þessum verkefnum, en oft hafa háskólanemar aðstoðað við verkin og jafnframt notað úrvinnslu gagna í ritgerðir og prófverkefni. Umhverfisfræði í víðasta skilningi er vaxandi fræðigreinin í háskólum á Íslandi, og því er aukinn fjöldi nemenda að leita að rannsóknarverkefnum, ekki síst tengdum meðhöndlun úrgangs.

Samvinna sveitarfélaga á sviði úrgangsmála verði efl.

Aðgerðir:

- Verkefnisstjóri/verkefnisstjórn aðstoði sveitarfélög við að skipuleggja samstarf um sameiginlega meðhöndlun úrgangs þar sem slíkt fyrirkomulag skilar umhverfis- og fjárhagslegum ávinningi. Upplýsingum um árangursríka samvinnu sveitarfélaga og framþróun á sviði úrgangsmála verði miðlað til sveitarfélaga.

Sveitarfélög leggja áherslu á góð samskipti við ríki og atvinnulíf við framkvæmd úrgangsmála.

Aðgerðir:

- Verkefnisstjóri/verkefnisstjórn f.h. sveitarfélaga vinni að auknu samstarfi við stofnanir ríkisins og Úrvinnslusjóð um framkvæmd úrgangsmála og gagnkvæma miðlun upplýsinga. Hugað verði að reglulegu samráði milli sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins.



Samskipti sveitarfélaga við stofnanir og samtök sveitarfélaga á sviði úrgangsmála í Evrópu verði aukin.

Aðgerðir:


- Með virkri þátttöku sambandsins í nefnd-um á vegum Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) og aðild að verkefni Municipal Waste Europe geta íslensk sveitarfélög fylgst með þróun úrgangsmála í Evrópu. Einnig er verið að undirbúa nánari samskipti við samtök skoskra sveitarfélaga. Verkefnisstjóri mun miðla upplýsingum sem gagnast sveitarfélögum í mótun og framfylgni eigin stefnu í úrgangsmálum og gæta þess að við innleiðingu ESB-tilskipana verði höfð hliðsjón af áherslum í nálægum löndum.

Samskipti sveitarfélaga við vísindasamfélagið verði eflað.

Aðgerðir:

- Verkefnisstjóri mun kanna eftir föngum samvinnufleti og leiða saman sveitarfélög og umhverfisfræðideildir háskóla þegar leysa þarf tiltekin verkefni.





Áherslur

Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum



Umsjón með útgáfu: Lúðvík E. Gústafsson.
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir.
Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík.
Sími: 515 4900 • Fax: 515 4903.

Netfang: samband@samband.is • Veffang: www.samband.is
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2009/5.